



## Alþýðusamband Íslands

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands lýsir yfir þungum áhyggjum af umfangi skattahækkana en það er mun meira en boðað var við gerð stöðugleikasáttmálans.

Mikilvægt er að breytingar á sköttum einstaklinga verði með þeim hætti að þeim tekjulægstu verði hlíft sem kostur er. Miðstjórn varar sérstaklega við þeim áhrifum, sem hækkun neysluskatta hefur á rekstur og skuldir heimilanna. Jafnframt bendir miðstjórn á að miklar skattahækkanir leiða til meiri samdráttar í atvinnulífinu með skerðingu á kjörum og auknu atvinnuleysi.

Miðstjórn ASÍ mótmælir boðuðum breytingum á skattlagningu tekna sjómanna og bendir á að við gerð stöðugleikasáttmálans í vor var því heitið að ekki yrði „gripið til lagasetninga eða annarra stjórnvaldsáðgerða sem hafa bein áhrif á innihald kjarasamninga eða kollvarpa með öðrum hætti þeim grunni sem kjarasamningar byggja á“ eins og þar segir.